

Matís ohf
Borgartúni 21
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. ágúst 2013
Tilvísun: 2013030013/50.4.3
Verknúmer: 1073000

Efni: Almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna á örverum á jarðhitasvæðum

Orkustofnun vísar til umsóknar Matís ohf. kt. 670906-0190, ásamt fylgiskjölum dags. 11. mars 2013, um almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna á örverum á jarðhitasvæðum, í samræmi við 34. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 (auðlindalaga). Umsóknin felur í sér að aflað verður sýna af hverasvæðum, sem síðan fara í ræktunar- og erfðafræðivinnslu í þeim tilgangi að öðlast skilning og þekkingu á vistkerfum hitakærra örvera á jarðhitasvæðum landsins og meta nýtingarmöguleika þeirra. Sótt er um rannsóknarleyfi til 5 ára. Fyllsta öryggis verður gætt við rannsóknir og sýnatöku á jarðhitasvæðum og einungis vanir starfsmenn munu annast þær.

Með vísan til 1. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1998 var haft samráð við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um framkomna umsókn Matís ohf. með bréfi dags. þann 18. apríl sl.

Orkustofnun barst svar umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 6. júní sl., þann 16. júlí 2013.

Í svari umhverfis- og auðlindaráðuneytis kemur fram að ráðuneytið gerir ekki athugasemd við leyfisumsóknina, en minnir á að samkvæmt 1. mgr. 34. gr. auðlindalaga fer Náttúrufræðistofnun Íslands með eftirlit með rannsóknum og nýtingu samkvæmt ákvæðinu. Ráðuneytið bendir einnig á að svæði sem tilgreind eru í umsókninni njóta sum verndar samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lögum nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð, og að forðast beri allt rask þar við rannsóknir og fylgja þarf ákvæðum viðkomandi laga. Ef hætta er talin á raski, svo sem við akstur tengdum rannsóknunum, skal hafa samráð við Umhverfisstofnun eða Vatnajökulspjóðgarð, eftir því sem við á, og leita leiðsagnar. Þá baðst ráðuneytið velvirðingar á því hversu seint erindi Orkustofnunar var svarað.

Orkustofnun hefur farið yfir umsókn Matís ohf. og svar umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Orkustofnun vísar til svars umhverfis- og auðlindaráðuneytis við samráðsbeiðni Orkustofnunar um leyfisveitinguna sem og ítrekar mikilvægi þess að raski sé haldið í lágmarki og gengið sé um svæðið af mestu varkárni í samræmi við náttúruverndarlög, nr. 44/1999, einkum ákvæði 17., 37. og 38. gr. laganna og að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða eftir fremsta megni þannig að sjónrænum áhrifum af rannsóknum verði haldið í lágmarki. Orkustofnun ítrekar enn fremur að leyfishafi gæti ákvæða 6. og 7. gr. leyfisins við framkvæmd þess.

Hvað varðar þær heimildir sem almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna veitir leyfishafa bendir Orkustofnun á að samkvæmt reglum nr. 234/1999 eru slík leyfi veitt aðilum til að stunda hagnýtar rannsóknir á sérstaklega afmörkuðum jarðhitasvæðum. Ekki er um sérleyfi að ræða og ekki eru gefin fyrirheit um forgang að veitingu sérleyfis til hagnýtra rannsókna síðar.

Í rannsóknarleyfi þessu til handa Matís ohf. er í 13. gr. tekið fram að leyfið sé háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggi ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna rannsókna sinna sem að öðru leyti er mælt fyrir um í lögum, nr. 57/1998, eða öðrum lögum sem rannsóknir falla undir.

Þá bendir Orkustofnun á að í leyfinu er skýrt kveðið á um að leyfishafa beri í hvívetna að fara að lögum í umgengni um rannsóknarsvæði, taka tillit til umhverfissjónarmiða við rannsóknir sem og við

frágang að þeim loknum. Orkustofnun bendir sérstaklega á að um vernd rannsóknarsvæðis gildi lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Með vísan til framanritaðs vekur Orkustofnun athygli á að umrætt rannsóknarleyfi felur í sér almennt leyfi til hagnýtra rannsókna, en ekki leyfi til einstakra rannsóknarframkvæmda. Lögum nr. 57/1998 er hvorki ætlað að taka með heildstæðum hætti á umhverfismálum, náttúruvernd og skipulagsmálum, né hrófla við eða víkja úr vegi þeirri löggjöf. Mögulegar framkvæmdir rannsóknarleyfishafa í kjölfar útgáfu þessa rannsóknarleyfis eru því háðar leyfum þar til bærri yfirvalda. Rannsóknarleyfi þetta raskar því á engan hátt þeirri vernd sem náttúru og umhverfi er tryggð með öðrum lögum.

Orkustofnun vekur athygli á að skv. 34. gr. laga nr. 57/1998 fer Náttúrufræðistofnun Íslands með eftirlit með rannsóknum á örverum. Orkustofnun hefur hins vegar eftirlit með framkvæmd leyfisins og fær reglulegar skýrslur um framgang leyfis samkvæmt rannsóknaráætlun. Leyfishafa ber að veita Náttúrufræðistofnun Íslands allar upplýsingar um sýnatökur og niðurstöður rannsókna á örverum sem safnað hefur verið á jarðhitasvæðum.

Í ljósi ofnritaðs og í samræmi við 34. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og í samræmi við reglur um veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum, nr. 234/1999, veitir Orkustofnun hér með Mátis ohf. meðfylgjandi almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna á örverum á jarðhitasvæðum.

Gjald vegna veitingar leyfis þessa er kr. 41.500., sbr. 34. tl. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum. Rannsóknarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sæta ákvarðanir Orkustofnunar, er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögum þessum, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllt,
f. h. orkumálastjóra


Skúli Thoroddsen


Þórarinn Sveinn Arnarson

Afrit sent til:
Náttúrufræðistofnunar Íslands

Fylgiskjöl:
Leyfi